



ORF Líftækni hf

ORF Líftækni hf er íslenskt hlutafélag sem þróað hefur nýstárlega aðferð, [Orfeus™](#) kerfið, fyrir framleiðslu á sérvirkum próteinum fyrir læknisrannsóknir, lyf og iðnað. Prótein eru svo flókin að byggingu að þau er einungis hægt að framleiða í frumum lífvera, sem gerir þau afar dýr í núverandi framleiðslukerfum (bakteríur og spendýrafrumur). Orfeus™ kerfið byggir á því að nýta sér fræ byggplöntunnar sem smiðju fyrir þessi prótein. Kerfið er afrakstur öflugs vísinda- og þróunarstarfs hjá fyrirtækinu undanfarin ár, en með því er hægt að lækka verulega framleiðslukostnað þessara próteina og auka gæði þeirra. Með Orfeus™ kerfinu og markvissri viðskiptanálgun hefur ORF Líftækni skipað sér í fremstu röð fyrirtækja á þessu sviði í heiminum. ORF stefnir að því að markaðssetja fyrstu vörur sína á þessu ári, en það eru svokallaðir vaxtarþættir (cytokines) úr manni sem seldir verða á rannsóknarvörumarkaðinn.

Björn Lárus Örvar

Framkvæmdastjóri og einn stofnanda ORF Líftækni hf, er doktor í sameindaerfðafræði plantna frá háskólanum í Bresku Kólumbíu, Kanada. Starfaði síðan þrjú ár við McGill háskólann í Montreal áður en hann tók þátt í stofnun og tækniþróun fyrirtækisins.